

Árborg

Reykjavík, 26. nóvember 2025.

Ágæti viðtakandi.

ADHD samtökin fta hefja brátt sitt þrítugasta og áttunda starfsár. Samtökin hafa frá upphafi beint sjónum sínum að baráttunni fyrir betri þjónustu við fólk með ADHD og fjölskyldur þeirra, en reikna má með að allt að fjórtíu þúsund einstaklingar séu með ADHD á Íslandi - greint og ógreint.

Undanfarin ár hefur starfsemi ADHD samtakanna eflst gríðarlega, enda greinast stöðugt fleiri með ADHD á Íslandi. Samtökin eru eitt fjölmennasta aðildarfélag ÖBÍ, skráð sem félag til almannaheilla (fta), hafa starfsleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og eru skráð á almannaheillaskrá RSK, sem veitir almennum styrktaraðilum samtakanna rétt til skattaafsláttar.

Þriggja til tíu ára bið er eftir ADHD greiningum hjá hinu opinbera og skortur á þjónustu geðlækna og niðurgreiddri þjónustu sálfræðinga hefur einnig stórukið þjónustubörfina. ADHD samtökin hafa kappkostað að mæta þessum þörfum, með auknu námskeiðahaldi, auknum stuðningi og kröftugra fræðslustarfi. Þjónustan stendur öllum til boða, hvort sem fólk er í samtökunum eða ekki og hún er veitt um allt land.

Þrátt fyrir stóraukna starfsemi ADHD samtakanna, hefur opinber stuðningur við samtökin staðið í stað á liðnum árum. Samtökin eiga því allt sitt undir stuðningi almennings, félagsfólks og velviljaðra sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnanna.

Með bréfi þessu óska ADHD samtökin eftir stuðningi þíns sveitarfélags, helst þannig að það myndi tryggja íbúum sveitarfélagsins eða starfsfólki þess viðeigandi fræðslu um ADHD á komandi ári.

ADHD samtökin bjóða margskonar fræðslu, fyrir leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, íþróttafélög, félagsmiðstöðvar, foreldra, almenning og starfsfólk og stjórnendur fyrirtækja og stofnanna og er eitt helsta markmið samtakanna að sem flestir hópar samfélagsins, fái notið þessarar fræðslu, ekki síst þeir hópar sem vinna með börnum. Með því móti vinnum við gegn fordómum og bætum lífsskilyrði og starfsumhverfi allra í sveitarfélaginu.

Með bréfi þessu óskum við eftir styrk að upphæð kr 100-500 þúsund, sem nýttur yrði samkvæmt nánara samkomulagi. Við erum sannfærð um að fjármagnið mun koma að góðum notum og að með starfsemi samtakanna er verið að stórbæta lífsskilyrði fólks með ADHD og fjölskyldna þeirra um allt land.

Með bréfi þessu fylgir almenn greinargerð um starfsemi ADHD samtakanna en óskir um frekari upplýsingar og/eða samtal um mögulegar útfærslur myndi gleðja okkur mjög.

Virðingarfyllst,

F.h. ADHD samtakanna fta.

Hrannar Björn Arnarsson, framkvæmdastjóri